

Reglugerð um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum (reglugerð nr. 1200/2014) tók gildi í desember árið 2014. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að haft sé eftirlit með móttökuaðstöðu fyrir úrgang og farmleifar frá skipum í öllum höfnum landsins, á fimm ára fresti. Umhverfisstofnun skal fyrir 1. maí ár hvert gefa út skýrslu um niðurstöður eftirlits fyrir undangengið ár og birta á vefsetri sínu.

**Tafla 1:** Heimsóttar hafnir árið 2018 og fjöldi frávíka

Höfn	Flokkur	Fjöldi frávíka
Hafnarsvæði Norðurfirði, Árneshreppi	3	1
Blönduóshöfn	3	1
Skarðsstöð, Dalabyggð	3	0
Smábátahöfn Búðardal, Dalabyggð	3	0
Ólafsfjarðarhöfn	3	0
Siglufjarðarhöfn	2	0
Grundarfjarðarhöfn	1	3
Hvammstangahöfn	3	2
Kokkálsvíkurhöfn, Kaldrananeshreppi	3	0
Skagastrandarhöfn	2	2
Arnarstapahöfn	3	1
Ólafsvíkurhöfn	2	1
Rifshöfn	3	1
Hólmavíkurhöfn	2	6
Stykkishólms Höfn	2	1
<b>Samtals</b>	<b>15 hafnir</b>	<b>19 frávik</b>

Í þeim tilvikum þar sem um hafnarsamlag eða margar hafnir í sama sveitarfélagi er að ræða, þá getur verið um sama/sömu frávik að ræða sem löguð eru í einni aðgerð.

Ekki var farið í hafnir í Skagafirði, vegna forfalla. Farið verður árið 2019.

**Tafla 2:** Fjöldi eftirlita og frávíka árið 2018 eftir flokkum hafna.

Stærðarflokkur	Fjöldi eftirlita	Frávik
Eitt	1	3
Tvö	5	10
Þrjú	9	6
<b>Samtals</b>	<b>15</b>	<b>19</b>

Ef frávik eru í eftirliti eru gerðar athugasemdir og farið fram á að úrbætur verði gerðar eða tiltekin höfn getur sent inn úrbótaáætlun, þar sem kemur fram til hvaða ráðstafana er gripið til að bæta úr í samræmi við athugasemdir og hvenær þeim aðgerðum á að vera lokið.

Umhverfisstofnun fer yfir úrbótaáætlanir þegar þær berast og samþykkir þær ef tilefni er til. Ef höfn hvorki sendir úrbótaáætlun né gerir þær úrbætur sem farið er fram á getur stofnunin gripið til úrræða sbr. 14. gr. reglugerðarinnar sbr. V. kafla laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Hafnir með frávik hafa allar, skilað inn úrbótaáætlun eða gert þær úrbætur sem farið fram á.